

**225. fundur Bæjarstjórnar Fjallabyggðar  
haldinn í Tjarnarborg Aðalgötu 13 Ólafsfirði  
miðvikudaginn 11. janúar 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

S. Guðrún Hauksdóttir, forseti bæjarstjórnar, D-lista,  
Tómas Atli Einarsson, bæjarfulltrúi, D lista,  
Helgi Jóhannsson var fjarverandi en í staðinn sat Rósa  
Jónsdóttir, varabæjarfulltrúi, H lista,  
Guðjón M. Ólafsson, bæjarfulltrúi, A lista,  
Sæbjörg Ágústsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat Jakob  
Kárason, varabæjarfulltrúi, A lista,  
Þorgeir Bjarnason, bæjarfulltrúi, H lista,  
Arnar Þór Stefánsson, bæjarfulltrúi, A lista,  
Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri,  
Bragi Freyr Kristbjörnsson, deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála.

**Fundargerð ritaði:** Bragi Freyr Kristbjörnsson, deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála.

**Fyrir var tekið:**

**1. Bæjarráð Fjallabyggðar - 774. fundur - 3. janúar 2023. - 2301001F**

*Fundargerð bæjarráðs er í 8 liðum.*

*Til afgreiðslu eru liðir 3, og 4.*

*Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.*

*Enginn tók til máls.*

**1.3 2208043 - Ósk um fjárhagsstuðning við kaup á nýju björgunarskipi**

*Lagður fram samningur milli Fjallabyggðar og Björgunarbátasjóðs  
Siglufjarðar um fjármögnun á nýju björgunarskipi fyrir Siglufjörð.  
Samkomulaginu er ætlað að tryggja fjármögnun á nýju björgunarskipi á  
Siglufirði sem mun koma í stað björgunarskipisins Sigurvins sem nú er  
orðið 34 ára gamalt. Starfssvæði nýja Sigurvins mun ná frá Tjörnesi í austri  
til Skagatáar í vestri.*

**Niðurstaða 774. fundar bæjarráðs Fjallabyggðar**

*Bæjarráð gerir ekki athugasemd við samninginn og felur bæjarstjóra að  
undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs.*

**1.4 2109079 - Samningur milli Fjallabyggðar og Síldarminjasafns Íslands vegna móttöku skemmtiferðaskipa**

*Lagður fram samningur milli Fjallabyggðar og Síldarminjasafns Íslands vegna samstarfs um markaðssetningu Siglufjarðarhafnar sem ákjósanlegum viðkomustað skemmtiferðaskipa.*

**Niðurstaða 774. fundar bæjarráðs Fjallabyggðar**

*Bæjarráð gerir ekki athugasemd við samninginn og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs.*

**2. Bæjarráð Fjallabyggðar - 775. fundur - 9. janúar 2023. - 2301003F**

**Niðurstaða**

*Fundargerð bæjarráðs er í 12 liðum.*

*Til afgreiðslu eru liðir 2, 5, 6 og 8.*

*Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.*

*Guðjón M. Ólafsson, Sigríður Ingvarsdóttir, S. Guðrún Hauksdóttir og Þorgeir Bjarnason tóku til máls undir 9. lið fundargerðarinnar.*

*Sigríður Ingvarsdóttir, S. Guðrún Hauksdóttir, Guðjón M. Ólafsson og Tómas Atli Einarsson tóku til máls undir 2. lið fundargerðarinnar.*

**2.2 2212033 - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022 - 2023**

*Lagðar fram athugasemdir hagsmunaaðila vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023 sem bærust í kjölfar samráðsfundar sem haldinn var í Tjarnarborg.*

**Niðurstaða 775. fundar bæjarráðs Fjallabyggðar**

*Bæjarráð vísar afgreiðslu sérreglna fyrir Fjallabyggð um úthlutun byggðakvóta til bæjarstjórnar.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Forseti bæjarstjórnar bar upp eftirfarandi tillögu um ósk sveitarfélagsins um sérreglur.*

*Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að senda ráðuneytinu eftirfarandi ósk um sérreglur í reglugerð 1370/2022 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023.*

Lagt er til að sérreglur í reglugerð hvað varðar Fjallabyggð verði með þeim hætti að heimilt verði að landa afla innan sveitarfélags óháð því í hvoru byggðarlagi bátur fær úthlutun, einnig er lagt til að hámark úthlutunar til hvers skips verði ekki meiri en 80 tonn.

Ákvæði reglugerðar nr. 1370/2022 gilda um úthlutun byggðakvóta Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með eftirfarandi breytingum:

a)

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022, þó að hámarki 80 þorskígildistonn á fiskiskip.

b)

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c)

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

Hvað varðar rökstuðning vegna stafliða a til c vísast til rökstuðnings fyrri ára.

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum tillögu forseta og felur bæjarstjóra að senda þær á ráðuneytið.

## **2.5 2210020 - Grænir styrkir - umhverfisstyrkir Fjallabyggðar 2023**

Lagt er fram yfirlit yfir umsóknir um græna styrki, einnig er lögð fram tillaga að afgreiðslu einstakra erinda.

### **Niðurstaða 775. fundar bæjarráðs Fjallabyggðar**

Vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

### **Niðurstaða þessa fundar**

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreindar tillögur um úthlutun styrkja fyrir árið 2023.

**2.6 2210041 - Styrkumsóknir 2023 - Hátíðarhöld í Fjallabyggð**

*Lagt er fram yfirlit yfir umsóknir um styrki til hátíðarhalda í Fjallabyggð 2023 og umbeðin umsögn markaðs- og menningarnefndar frá 92. fundi nefndarinnar, einnig er lögð fram tillaga að afgreiðslu einstakra erinda.*

**Niðurstaða 775. fundar bæjarráðs Fjallabyggðar**

*Vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreindar tillögur um úthlutun styrkja fyrir árið 2023.*

**2.8 2210040 - Styrkumsóknir 2023 - Rekstrarstyrkir til safna og setra.**

*Lagt er fram yfirlit yfir umsóknir um rekstrarstyrki til safna og setra og umbeðin umsögn markaðs- og menningarnefndar frá 92. fundi nefndarinnar, einnig er lögð fram tillaga að afgreiðslu einstakra erinda.*

**Niðurstaða 775. fundar bæjarráðs Fjallabyggðar**

*Vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreindar tillögur um úthlutun styrkja fyrir árið 2023.*

**3. Félagsmálanefnd Fjallabyggðar - 143. fundur - 13. desember 2022. - 2212005F**

*Fundargerðin er í fimm liðum sem þarfnast ekki afgreiðslu bæjarstjórnar. Fundargerðin er lögð fram til kynningar.*

*Enginn tók til máls.*

**Niðurstaða**

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar - 293. fundur - 4. janúar 2023. - 2212011F**

*Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar er í 14 liðum.*

*Til afgreiðslu eru liðir 1, 2, 3, 4, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12.*

*Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.*

*Enginn tók til máls.*

**4.1 2209058 - Deiliskipulag þjóðvega í þéttbýli Siglufjarðar**

*Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi þjóðvega í þéttbýli Siglufjarðar dagsett 2. desember 2022, sem kynnt var á íbúafundi þann 16. nóvember 2022.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.2 2210107 - Breyting á deiliskipulagi Snorragötu**

*Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Snorragötu dagsett 2. desember 2022, sem unnin er samhliða deiliskipulagi þjóðvega í þéttbýli Siglufjarðar. Tillagan var kynnt á íbúafundi þann 16. nóvember 2022. Einnig lagt fram minnisblað hönnuðar vegna breytinga á gatnamótum Snorragötu og Norðurtúns þar sem fyrirhuguðu hringtorgi er breytt í T-gatnamót.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.3 2208059 - Deiliskipulag fyrir brimbrettaaðstöðu**

*Lögð fram skipulagslýsing vegna vinnu við deiliskipulag brimbrettaaðstöðu á Brimnestungu í Ólafsfirði.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Tæknideild falið að kynna skipulagslýsinguna í samræmi við 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.4 2010039 - Skógarstígur 10**

*Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags fyrir lóðina Skógarstíg 10 á Saurbæjarási. Breytingin felst í því að byggingarreitur stækkar um 8 metra til suðurs, hámarksbyggingarmagn er enn það sama.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Nefndin samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu og felur tæknideild að birta auglýsingu um samþykki hennar skv. 2.mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda fellur nefndin frá grenndarkynningu sbr. 3.mgr. 44.gr skipulagslaga.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.6 2212029 - Umsókn um byggingarleyfi - Brimnesvegur 18 Ólafsfirði**

*Lögð fram umsókn um byggingarleyfi dagsett 14.12.2022 þar sem Jónína M. Friðriksdóttir sækir um leyfi fyrir viðbyggingu og lagfæringu utanhúss í samræmi við meðfylgjandi teikningar.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Nefndin samþykkir að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 1.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.7 2212021 - Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - Fossvegur 10 Siglufirði**

*Lögð fram umsókn þar sem Atli Már Markússon og Oddný Inga Hólmsteinsdóttir sækja um endurnýjun lóðarleigusamnings við Fossveg 10, Siglufirði. Einnig lagt fram lóðarblað tæknideildar dags.20.12.2022.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Erindi samþykkt.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.8 2212053 - Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - Hverfisgata 8 Siglufirði**

*Lögð fram umsókn þar sem Þórarinn Hjörtur Ævarsson og Barbara Ösp Ómarsdóttir sækja um endurnýjun lóðarleigusamnings við Hverfisgötu 8, Siglufirði. Einnig lagt fram lóðarblað tæknideildar dags.29.12.2022.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**  
*Erindi samþykkt.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.9 2106057 - Skil á lóð - Ráeyrarvegur 4**

*Lagður fram tölvupóstur frá Brent Ozar dagsett 5.desember 2022 þar sem frístundalóð við Ráeyrarveg 4 er skilað aftur inn til sveitarfélagsins. Lóðarúthlutunargjald hefur verið endurgreitt í samræmi við 9.gr. í samþykkt um frístundalóðir í landi Fjallabyggðar.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**  
*Erindi samþykkt, lóðin Ráeyrarvegur 4 er laus til úthlutunar.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**4.10 2212035 - Umsókn um leyfi fyrir hleðslustöðvum**

*Lagt fram erindi frá Róberti Guðfinnssyni f.h. Selvíkur ehf. dagsett 15.desember 2022. Í erindinu er óskað eftir samþykki Fjallabyggðar fyrir fjórum hraðhleðslustöðvum á bílastæðalóð Selvíkur við Snorragötu 4 sem settar verða upp í samstarfi við HS orku og tæknifyrirtækið InstaVolt. Einnig mun Selvík ehf. setja upp 6 einfaldar hleðslustöðvar á bílastæðalóð Sigló Hótel við Snorragötu 6A.*

**Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**  
*Nefndin hefur yfirfarið erindið og gerir engar athugasemdir við það. Engar kvaðir eru í gildandi lóðarleigusamning Snorragötu 4 varðandi starfsemi rafhleðslustöðva á lóðinni, sem samræmist vel núgildandi deiliskipulagi þar sem lóðin er skilgreind sem bílastæðalóð. Þetta á einnig við um lóðina Snorragötu 6A.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

#### **4.11 2212007 - Vegrið á Hornbrekkuveg**

*Lagt fram erindi Björns Þórs Ólafssonar dags. 5.12.2022. Í erindinu er komið á framfæri þeirri hættu sem getur skapast við Hornbrekkuveg 8 í Ólafsfirði þar sem gangsétt endar og gata þrengist. Sjálfur lenti Björn í óhappi nýlega og mildi að ekki fór verr. Mikil fallhæð er frá götunni og niður á aðliggjandi lóð og ekkert vegrið sem kemur í veg fyrir óhöpp þar sem fólk eða bílar fari þarna fram af.*

#### **Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Nefndin þakkar fyrir ábendinguna og felur tæknideild að skoða málið nánar og koma með tillögu að lausn á málinu.*

#### **Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

#### **4.12 2212043 - Götuheiti á malarvellinum**

*Dagana 16.-28. desember sl. var opnað fyrir tillögur frá almenningi um götuheiti nýrrar götu á malarvellinum þar sem áformað er að hefja framkvæmdir við nýbyggingar á árinu. Alls bárust 142 tillögur.*

#### **Niðurstaða 293. fundar skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar**

*Nefndin þakkar öllum þeim sem lögðu sveitarfélaginu lið í að finna nafn á nýja götu á Siglufirði. Lagt er til að gatan fái heitið Vallarbraut.*

#### **Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

### **5. Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar - 94. fundur - 5. janúar 2023. - 2301002F**

*Fundargerðin er í 4 liðum.*

*Til afgreiðslu eru liðir 1 og 2.*

*Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.*

*Enginn tók til máls.*

#### **5.1 2210038 - Styrkumsóknir 2023 - Menningarmál**

*Farið yfir umsóknir um styrki til menningarmála fyrir árið 2023. Tólf umsóknir bárust.*

#### **Niðurstaða 94. fundar Markaðs- og menningarnefndar Fjallabyggðar**



*Markaðs- og menningarnefnd gerir tillögu um úthlutun styrkja til menningarmála fyrir árið 2023 og vísar til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**5.2 2212023 - Afhending menningarstyrkja og útnefning bæjarlistamanns 2023**

*Undanfarin ár hefur markaðs- og menningarnefnd staðið fyrir úthlutun menningarstyrkja og útnefningu bæjarlistamanns Fjallabyggðar við hátíðlega athöfn í Tjarnarborg.*

**Niðurstaða 94. fundar Markaðs- og menningarnefndar Fjallabyggðar**

*Markaðs- og menningarnefnd afhendir menningarstyrki og útnefnir bæjarlistamann 2023 16. febrúar nk. kl. 18:00 í Tjarnarborg. Markaðs- og menningarfulltrúa falið að setja saman dagskrá og auglýsa athöfnina þegar nær dregur.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**6. Hafnarstjórn Fjallabyggðar - 133. fundur - 9. janúar 2023. - 2301005F**

*Fundargerðin er í 4 liðum.*

*Til afgreiðslu er liður 1.*

*Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.*

*Guðjón M. Ólafsson, Sigríður Ingvarsdóttir og S. Guðrún Hauksdóttir tóku til máls undir 2. lið fundargerðarinnar.*

**6.1 2301012 - Hafnir Dalvíkurbyggðar, beiðni um kaup á vinnuframlagi.**

*Lagt fram erindi frá Dalvíkurbyggð vegna afleysinga á höfnum Dalvíkurbyggðar.*

**Niðurstaða 133. fundar Hafnarstjórnar Fjallabyggðar**

*Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að vinna málið áfram í samvinnu við yfirhafnarvörð.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu.*

**7. Fræðslu- og frístundanevnd Fjallabyggðar - 120. fundur - 9. janúar 2023. - 2301006F**

*Fundargerðin er í 4 liðum.*

*Til afgreiðslu er liður 3.*

*Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.*

**7.3 2210039 - Styrkumsóknir 2023 - Fræðslumál**

*Umsóknir um styrk til fræðslumála 2023 lagðar fram til umfjöllunar og afgreiðslu.*

**Niðurstaða 120. fundar Fræðslu- og frístundanevndar Fjallabyggðar**

*Fræðslu- og frístundanevnd gerir tillögu um úthlutun fræðslustyrkja fyrir árið 2023 og vísar til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

**Niðurstaða þessa fundar**

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum tillögu nefndarinnar um úthlutun fræðslustyrkja fyrir árið 2023.*

**8. Breyting á samþykktum um stjórn Fjallabyggðar - 2206093**

*Lögð fram til seinni umræðu drög að breytingu á samþykkt um stjórn Fjallabyggðar. Breytingarnar eru gerðar vegna breyttrar skipan barnaverndarmála frá 1. janúar 2023 í samræmi við samninga um Barnaverndarþjónustu Mið Norðurlands og Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni.*

**Niðurstaða**

*Bæjarstjórn samþykkir breytingatillöguna með 7 atkvæðum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:53.**

---

S. Guðrún Hauksdóttir

---

Tómas Atli Einarsson

---

Rósa Jónsdóttir

---

Guðjón M. Ólafsson

---

Jakob Kárason

---

Þorgeir Bjarnason

---

Arnar Þór Stefánsson

---

Bragi Freyr Kristbjörnsson

